



# SNARRÓTTIN

## SAMTÖK UM SKAÐAMINNKUN & MANNRÉTTINDI

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík: 26.11.2019

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni Þingskjal 372 — 328. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020


Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis dags. 6. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn Snarróttarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (neyslurými), 328. mál.

Snarróttin hefur áður að beiðni velferðarnefndar veitt jákvæða umsögn um annað frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni sem er til umfjöllunar hjá nefndinni (23. mál), þar sem gert er ráð fyrir að öll varsla á neysluskömmtum vímuefna verði gerð refsilaus. Gengur það frumvarp, sem er í samræmi við einróma afstöðu velferðarnefndar, lengra en það frumvarp sem hér er til umsagnar. Hér er einungis gert ráð fyrir að sveitarfélag geti fengið leyfi til þess að starfrækja neyslurými þar sem varsla og meðferð ávana- og fíkniefna sbr. 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni er heimil, og geri samkomulag við lögreglu um að grípa ekki til aðgerða gegn notendum slíks neyslurýmis á tilteknu svæði í kringum húsnæði þess.

Að mati Snarróttarinnar eru allar breytingar í átt að því að hætt sé að meðhöndla fólk í vímuvanda sem glæpamenn og skaðaminnkandi aðferðir teknar upp í staðinn til bóta. Að því leyti fögnum við frumvarpi um neyslurými. Hins vegar lýsum við yfir vonbrigðum yfir því að heilbrigðisráðherra hafi ekki kosið að fara þá leið sem velferðarnefnd hefur lagt til, heldur haldi sig við að gera neyslu einungis refsilausa í neyslurýmum. Að skilyrða refsileysi einungis við neyslurými veitir fólki í vímuvanda vissulega ákveðið skjól en hefur þann annmarka að áfram yrði það útsett fyrir afskiptum lögreglu utan neyslurýma, til dæmis á leið sinni þangað frá heimilum sínum. Rökin fyrir því af hverju það er ómannúðleg og skaðleg staða mála höfum við í Snarróttinni tíundað í áður nefndri umsögn okkar um 23. mál.

Ef frumvarpið sem hér er til umsagnar er skoðað alveg eitt og sér er þannig lítið mál fyrir Snarróttina að mæla með samþykkt þess en veruleikinn er hins vegar sá að þingið hefur kost á því að ganga lengra og aflétta refsingum fyrir vörslu neysluskammta alfarið, sem myndi þá eðli málsins samkvæmt jafnframt heimila neyslurými. Við mælum því einungis með samþykkt þess frumvarps sem hér er til umsagnar til þrautavara enda er bráðnauðsynlegt að innleiða breytingar á lögum með einum eða öðrum hætti sem tryggja að rekstur neyslurýma verði heimill á Íslandi. Gildir þá sem fyrr ábending um að afnám refsinga þyrfti að ná yfir lyfseðilskyld lyf sbr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Við í Snarróttinni teljum sumsé að lagabreyting sem heimilar neyslurými sé skref í rétta átt og í raun algjört lágmarksskref en við hvetjum þingmenn hins vegar sem fyrr eindregið til þess að ihuga vel hvaða rök, siðferðileg sem fræðileg, eru fyrir því að viðhalda refsingum gagnvart veiku fólki utan neyslurýma.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Snarrótarinnar - samtaka um skaðaminnkun og mannréttindi



---

Lilja Sif Þorsteinsdóttir, *sálfræðingur og formaður*  
Halldór Auðar Svansson, *varaformaður*  
Gígja Skúladóttir, *hjúkrunarfræðingur*  
Sigrún Jóhannsdóttir, *héraðsdómslögmaður*